

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2020  
UST202012-069/B.S.  
10.05.01

**Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku á hafsbotni utan netlaga á Þerneyjarsundi.**  
**Umsögn**


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Sótt er um leyfi til að taka alls 715.000 m<sup>3</sup> af mól á Þerneyjarsundi á næstu 30 árum en þetta svæði var áður skilgreint sem tvær námur, þ.e. Þerneyjarnáma og Leirvogsnáma. Umrædd efnistaka var tilkynnt til Skipulagsstofnunar og lá niðurstaða stofnunarinnar fyrir 9. júní sl. og samkvæmt henni er framkvæmdin „ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar.“

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að sækja um leyfi til langs tíma sem felur í sér að tekið verður mikið efni á umræddu svæði og að hluta til á litlu dýpi. Efnistakan mun á varanlegan og óafturkræfan hátt breyta hafsbotninum á Þerneyjarsundi. Vegna mögulegra breytinga á sjávarstöðu á vinnslutíma námunnar sem nú verða ekki fyrirséðar ætti að vakta áhrif efnistökkunnar á aðliggjandi strandsvæði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur